

# Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

14. fundur stjórnar starfstímabilið 2013-2015

Haldinn 12. janúar í Íþróttahúsinu við Strandgötu á skrifstofu íþróttafulltrúa.

**Mættir:** Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Atli Már Sigurðsson (DÍH), Ragnar Hilmarsson (Þytur), Magnús Gunnarsson (Haukar), Þórarinn Sófussón (GSE), Stefán Kristófersson (Fjörður), Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir), Kristín Pétursdóttir (SH), Gunnar Hjálmarsson (AÍH), Ingvar Kristinsson (Björk), Sigurjón Andersen (KK), Ólafur Tryggvi Gíslason (HFH), Viðar Halldórsson (FH) og Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH) og Þórunn Ansnes (Sörli). Forföll: Arnar Geirsson (Bjartur), Sævar Már Gústafsson (ÍH), og Anders Már Þráinsson (SÍH).

## 1. Fundaáætlun ÍBH frá janúar – maí 2015

Næsti fundur stjórnar ÍBH verður 2. febrúar kl. 18.15 í Kaplakrika.

Kvartmfluklúbburinn tekur á móti stjórn ÍBH 2. mars kl. 18.15. Síðasti fundur stjórnar ÍBH verður 10. apríl í Íþróttamiðstöðinni Björk, Fimleikafélagið Björk og Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar ætla í sameiningu að taka á móti stjórn ÍBH. Ný stjórn ÍBH kemur saman á fyrsta stjórnarfund 4. maí hjá Hnefaleikafélagi Hafnarfjarðar.

## 2. Ákveða dagsetningu á þing ÍBH

Tillaga kom fram um að hafa þing ÍBH tvo daga t.d. föstudaginn 24. apríl og laugardaginn 25. apríl. Hugmyndin er að klára skýrslu stjórnar og ársreikninga o.fl. fyrri daginn, en hafa nefndarstörf og afgreiðslu mála seinni daginn. Málinu vísað til framkvæmdastjórnar ÍBH.

## 3. 70 ára afmælisnefnd ÍBH

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar verður 70 ára 28. apríl 2015 að því tilefni verður skipuð afmælisnefnd. Vísað til framkvæmdastjórnar ÍBH að tilnefna í nefndina og ákveða verkefni hennar.

## 4. Greining á samningum – samantekt á framlögum til íþróttafélaga

Félögin upplýst um að Hafnarfjarðarbær hafi ráðið ráðgjafa, Tryggva Árnason frá R3 ráðgjöf til þess að gera greiningu á samningum bæjarins við íþróttafélögin, auk þess að gera samantekt á framlögum bæjarins til íþróttafélaga sl 10 ár og að vinna tillögu um nýtt samningsform við félögin. Mun hann næstu daga hafa samband við íþróttafélögin til upplýsingaöflunar.

## 5. Yfirlit yfir lottógreiðslur til aðildarfélaga frá september 2014 – nóvember 2014

Samþykkt.

## 6. Barna- og unglingastefna ÍSÍ

Lögð fram til kynningar. Félögin hvött til að kynna hana fyrir yfirþjálfurum/þjálfurum og stjórnarfólki félaga og deilda. Ef félög hafa athugasemdir við stefnuna eru þau beðin um að koma þeim á framfæri við skrifstofu ÍBH sem tekur þær saman og kemur þeim á framfæri við ÍSÍ.

## 7. Heimsóknir stjórnarmanna ÍBH á aðalfundi aðildarfélaga ÍBH

Aðildarfélög ÍBH minnt á að láta skrifstofu ÍBH vita af aðalfundum með viku fyrirvara. Formaður ÍBH eða framkvæmdastjóri ÍBH reyna að komast á sem flesta fundi. Á fundinum var ákveðið að fulltrúar úr stjórn ÍBH færu á þá aðalfundi sem formaður eða framkvæmdastjóri ÍBH kæmust ekki á.

## 8. Tillögur að málum fyrir Íþróttaping ÍSÍ sem verður haldið 17. og 18. apríl nk

Umræður um samþykktu tillögu frá þingi ÍBH 2013 um launakerfi fyrir íslenskt afreksíþróttafólk. Ákveðið að reyna að fá fleiri íþróttahéruð á bakvið hana og leggja hana fyrir næsta Íþróttaping ÍSÍ.

## 9. Gögn sem ÍBH hefur borist:

- a). Bréf frá KSÍ um 69. ársþing KSÍ sem verður haldið á Hilton Nordica Hotel 14. febrúar nk í Reykjavík.
- b). Bréf frá ÍSÍ um hádegisfund föstudaginn 9. janúar í Reykjavík. Efni fundarins er fyrirlestur sem ber heitið, er notkun fæðubótarefna og ólöglegra efna algeng meðal íslenskra ungmenna?

## 10. Önnur mál

- a). BH spurði um það hvenær stefnumótunarvinna Capacent myndi halda áfram. Capacent stefnir að því að boða til fundar í janúar.
- b). RH spurði um það hvernig fjárframlög til Íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði væru í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2015. Þau verða óbreytt. Verið er að gera úttekt á samningum og framlögum og er vonast til þess að niðurstaða úr henni liggi fyrir í febrúar. Hægt er að gera breytingar á framlögum í viðauka við fjárhagsáætlun sem verður kynntur í mars nk.

Fleira ekki gert.

Fundur hófst kl. 18.15 og lauk kl. 19.20.

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir.